

Föstudaginn 2. júní 1989.

Nr. 199/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Garðari Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. maí 1989, sem barst Hæstarétti 30. maí. Í greinargerð, sem hingað barst í dag, krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður styttri tími. Hann krefst kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili rökstyður kröfu sína svo, að engar rannsóknarnauðsynjar séu fyrir hendi, sem réttlætt geti gæsluvarðhald yfir sér í þessu máli, og mótmælir því, að 67. gr., 1. mgr., 5. töluliður, laga nr. 74/1974 eigi hér við.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, þó þannig að gæsluvarðhaldið standi allt til 4. júlí næstkomandi kl. 17.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Garðar Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til 4. júlí 1989 kl. 17.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1989.

Ár 1989, föstudaginn 26. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Garðari Garðarssyni, kt. 10.01.65-4499, Stangarholti 26, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi frá lokum fyrri gæsluvarðaldsvistar kl. 17.00 í dag allt til miðvikudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00.

Hinn 18. maí sl. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 17.00 í dag vegna grunar um, að hann ætti aðild að þremur innbrotspjófnuðum. Er hér um að ræða tvo innbrotspjófnaði í Kaupfélag Kjalarnesþings í Mosfellsbæ, sem framdir voru 8. og 11. maí sl., og innbrotspjófnaði í söluskála Kaupfélags Rangæinga á Hvolsvelli hinn 16. maí sl.

Í innbrotunum í Kaupfélag Kjalarnesþings var stolið smt. u.þ.b. kr. 210.000,00 í reiðufé, en í innbrotin á Hvolsvelli var stolið u.þ.b. kr. 800.000,00 í peningum, ávisunum og greiðslukortanótum.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og hér fyrir dómi staðfastlega neitað að eiga nokkra aðild að framangreindum innbrotspjófnuðum.

Hinn 20. mars sl. var framið innbrot í bensínsölu Oliufélagsins hf. í Hveragerði. Úr peningaskáp, sem þar var, var stolið tæplega 300.000,00 kr. Við rannsókn þess máls hefur kærði viðurkennt að hafa ásamt félaga sínum verið þar að verki.

Þá viðurkenndi kærði við yfirheyrslu hjá RLR 17. apríl sl. að hafa í fyrirasumar brotist inn í hús í bænum Vinje í Noregi og stolið þar rúmlega 2.000,00 nkr. Þessa játningu hefur kærði nú dregið til baka hér fyrir dóm-inum og borið því við, að hann hafi óttast að hann yrði settur í gæsluvarðhald ef hann gengist ekki við brotinu, en hann hafi á þeim tíma verið í áfengismeðferð á sjúkrastöðinni Vogu.

Þessu til viðbótar hefur RLR grun um að kærði eigi aðild að innbrotspjófnuðum, sem framdir voru í verslun á Akranesi og í Borgarnesi fyrir 2-3 mánuðum, svo og að hafa nokkrum sinnum á undanförunum mánuðum tekið bifreiðar í heimildarleysi, en kærði hefur staðfastlega neitað því að eiga nokkra aðild að þeim málum. Hann hefur þó viðurkennt við yfirheyrslur hjá RLR að hafa tekið bifreið af gerðinni Range Rover í heimildarleysi.

Svo sem rannsóknargögn fyrstu þriggja málanna, sem reifuð eru hér að framan, bera með sér, er rannsókn þeirra ekki að fullu lokið. Skv. sakavottorði hefur kærði 10 sinnum verið sakfelldur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum. Síðast hlaut hann dóm hinn 14. mars sl. fyrir brot gegn 45. og 48. gr. umferðarlaga, en í þeim dómi var honum gert að sæta 18 mánaða fangelsi, en eftirstöðvar refsingar, 540 dagar, sem hann hafði fengið reynslulausn af hinn 21. nóvember 1986, voru felldar inn í dóminn. Hefur kærði áfrýjað dómi þessum til Hæstaréttar.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um, að kærði skuli sæta framlengdu gæsluvarðhaldi, til greina, svo að unnt verði að ljúka rannsókn

málanna, senda þau til fyrirsagnar ríkissaksóknara og í framhaldi af því dómsmeðferðar. Skal kærði skv. þessu sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00, en brot þau, sem kærði er hér sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Garðar Garðarsson, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00.
